

Heimar hf.: Stækkun á skuldabréfafloknum HEIMAR301036 GB

Heimar hf. („Heimar“ eða „félagið“) hefur í dag lokið við stækkun skuldabréfaflokksins HEIMAR301036 GB.

HEIMAR301036 GB er verðtryggður skuldabréfaflokkur sem er verðtryggður samkvæmt almennu tryggingarfyrirkomulagi félagsins.

Seld voru skuldabréf að nafnverði 5.000 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,60% og verður heildarstærð flokksins því, í kjölfar stækkunarinnar, að nafnverði 8.000 m.kr.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskiptanna er 13. mars 2026 og verður í kjölfarið óskað eftir því að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq.

Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna fjárfestingaverkefni félagsins á næstu mánuðum.

ACRO verðbréf hf. hafði umsjón með viðskiptunum og stækkun skuldabréfaflokksins.

Umgjörð um græna fjármögnun, ásamt vottun frá CICERO, má nálgast á vefsíðu Heima á slóðinni <https://www.heimar.is/fjarfestar/fjarmoegnun/graen-fjarmoegnun/>.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Eyþór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – eythor@heimar.is

Viðhengi

[Heimar hf.: Stækkun á skuldabréfafloknum HEIMAR301036 GB](#)